


# Körfuknattleiksdeild Vestra

Ársskýrsla 2016





## Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi KFÍ sem jafnframt var fyrsti aðalfundur Kkd. Vestra voru eftirfarandi kjörin í stjórn. Ingólfur Þorleifsson formaður. Neil Shiran Þórisson, Birna Lárusdóttir, Ingi Björn Guðnason og Birgir Örn Birgisson. Til vara voru kjörnir Magnús Heimisson, Guðmundur Einarsson og Steinþór Bragason. Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum og var Shiran kjörinn gjaldkeri og Ingi Björn ritari. Fljótlega hætti Shiran í stjórn að eigin ósk og kom Guðmundur Einarsson inn sem aðalmaður í hans stað. Sveinn Rúnar Júlíusson tók við störfum gjaldkera deildarinnar af Shirani fram að næsta aðalfundi.

Aðalstjórn fundaði eftir þörfum á tímabilinu. Mál voru einnig unnin í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla og unglingsflokks, en rekstur yngri flokka félagsins var í höndum Barna og unglingsráðs.

Helstu fjáraflanir ársins voru samstarfssamningur við HSV vegna 17. júní hátíðarhalda. Körfuboltaþúðir Vestra. Klósettpappírsala. Vinna við Aldrei fór ég suður og fleiri smærri fjáraflanir. Þessum fjáröflunum væri ekki hægt að halda úti án vinnu sjálfboðaliða og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag.

## Meistaraflokkur karla

Yngvi Páll Gunnlaugsson yfirþjálfari Kkd. Vestra tók við þjálfun liðsins þann 1. ágúst 2016.

Einhverjar breytingar urðu á leikmannahópi karlaliðs meistaraflokks KFÍ fyrir tímabilið 2016/2017.

Leikmannavelta tímabilsins:

Nokkrir nýjir leikmenn gengu til liðs við liðið fyrir tímabilið en það voru Adam Smári Ólafsson sem kom frá Fsú. Hinrik Guðbjartsson frá Grindavík og Yima Chia Kur, bandarískur atvinnumaður kom einnig í upphafi tímabilsins. Í október kom svo Magnús Breki Þórðarsson á venslasamningi frá úrvalsdeildarliði Þórs í Þorlákshöfn. Á áramótum komu svo aftur til liðsins Helgi Bergsteinsson og Jóhann Jakob Friðriksson.

Frá félaginu fóru Birgir Björn Pétursson í Val, Florijan Jovanov í Hrunamenn, Daníel Freyr Friðriksson í Ármann og Helgi Hrafn Ólafsson lagði skóna á hilluna.

## Meistaraflokkur karla 2016-17

Adam Smári Ólafsson Miðherji

Björgvin Snævar Sigurðsson Framherji

Daníel Þór Midgley Bakvörður

Gunnlaugur Gunnlaugsson Framherji

Hákon Ari Halldórsson Bakvörður

Helgi Bergsteinsson Bakvörður

Hinrik Guðbjartsson Bakvörður

Jóhann Jakob Friðriksson Miðherji

Magnús Breki Þórðarson Bakvörður

Nebojsa Knezevic Bakvörður

Nökkvi Harðarson Framherji

Óskar Ingi Stefánsson Bakvörður

Pance Ilievski Bakvörður

Rúnar Ingi Guðmundsson Bakvörður

Stígur Berg Sophusson Framherji

Yima Chia Kur Framherji

## Um veturinn hjá meistaraflokki karla

Liðið spilaði 24 leiki í deildarkeppni og sigraði liðið 8 leiki og tapaði 16. Niðurstaðan var sú að liðið endaði í sjötta sæti eftir baráttu við Hamar um 5. sætið sem gaf keppnisrétt í úrslitum 1. deildar. Liðið spilaði í Maltbikarnum einn leik þar sem liðið tapaði fyrir úrvalsdeildarliði Hauka á heimavelli á Torfnesi.

## Unglingaflokkur karla 2016-17

Adam Smári Ólafsson Miðherji

Hákon Ari Halldórsson Bakvörður

Helgi Bergsteinsson Bakvörður

Hinrik Guðbjartsson Bakvörður

Magnús Breki Þórðarson Bakvörður

Nökkvi Harðarson Framherji

Óskar Ingi Stefánsson Bakvörður

Rúnar Ingi Guðmundsson Bakvörður

Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson Bakvörður

Daníel Wale Adeleye Bakvörður

Hilmir Hallgrímsson Bakvörður

Hugi Hallgrímsson Framherji

Egill Fjölнисson Framherji

Blessed Parilla Bakvörður

## Um veturinn hjá unglíngaflokki karla

Yngvi Páll Gunnlaugsson og Nebosja Knezevic stýrðu unglíngaflokki í leikjum vetrarins. En liðið æfði með meistaraflokki félagsins.

Liðið spilaði 14 leiki í 2. deild unglíngaflokks karla og sigraði 5 leiki og tapaði 9. Niðurstaðan var sú að liðið endaði í 5. sæti. Liðið var samansett af leikmönnum meistaraflokks yngri en 21 árs og leikmönnum úr 9 og 10 flokki karla, en þeir spiluðu 5-6 ár upp fyrir sinn aldur og stóðu sig með þryði.

## Að lokum

Starfsemi félagsins er á mikilli siglingu þessi misserin og ríkir almenn bjartsýni fyrir komandi tímum. Stjórn og barna og unglingaráð eru samstíga í að treysta körfuknattleiksstarf á Vestfjörðum eftir nokkur mögur ár. Nú hillir undir að á næstu 2-3 árum verði aftur hægt að tepla fram meistaraflokki kvenna hjá félaginu sem er mikið gleðiefni. Aldrei hafa fleiri yngriflokkar komist í a-riðla og í ár og í vetur kom fyrsti titill Vestra þegar 9. flokkur karla varð bikarmeistari. Þannig að framtíðin er björt hjá okkur. Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu á síðasta starfsári fyrir þeirra framlag

Ingólfur Þorleifsson

Formaður Kkd. Vestra

## **Skýrsla stjórnar barna- og unglíngaráðs Körfuknattleíksdeíldar Vestra starfsárið 2016-2017**

Barna- og unglíngaráð Kkd. Vestra (BUR) veturinn 2016-2017 var skipað eftirtöldum einstaklíngum: Birna Lárúsdóttir, formaður, Guðfínna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, ritari, Guðný Alda Gísladóttir, Árni Heiðar Ívarsson, Guðlaug Sigurjónsdóttir, Arna Sæmundsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Margrét Jónasdóttir og Guðmundur G. Hrafnsson.

Skýrsla þessi nær yfir tímabilið júní 2016 til maí 2017.

### **Flokkastarfið**

Þau stóru tímamót urðu í starfi deíldarinnar síðastlíðið haust að Yngvi Páll Gunnlaugsson var ráðinn að deíldinni og tók við stöðu þjálfara meistaraflokks karla og yfirþjálfun yngri flokka. Hafði slík ráðning verið á stefnuskrá BUR um langt árabíl og gleðilegt að af því skyldi loks verða. Til viðbótar yfirþjálfarastöðunni þjálfaði Yngvi tvo yngri flokka. Ráðnir voru þjálfarar fyrir aðra flokka og tókst í öllum tilfellum vel.

Æft var í 10 yngri flokkum í vetur:

- Krílakarfa (4-5 ára)
- Krakkakarfa (stúlkur og drengir 1.-2. bekkur)
- Minnibolti yngri stúlkna (3.-4. bekkur)
- Minnibolti yngri drengir (3.-4. bekkur)
- Minnibolti eldri stúlkur (5.-6. bekkur)
- Minnibolti eldri drengir (5.-6. bekkur)
- 8. flokkur stúlkna (sameiginlegar æfingar elstu stúlkna)
- 9. flokkur stúlkna (sameiginlegar æfingar elstu stúlkna)
- 9. flokkur drengja (sameiginlegar æfingar elstu drengja)
- 10. flokkur drengja (sameiginlegar æfingar elstu drengja)

Sex flokkar tóku þátt í Íslandsmótum í vetur; Minnibolti eldri (stúlkur og drengir), 8. flokkur stúlkna, 9. flokkur stúlkna, 9. flokkur drengja og 10. flokkur drengja. Þetta er annað árið í röð þar sem Íslandsmót minnibolta 11 ára (6. bekkur) eru keyrð með því sniði sem nú er. Haldin eru fimm stór mót fyrir hvort kyn yfir veturinn og geta líð mætt á eins mörg mót og þau vilja, en að lágmarki þrjú til að teljast með í Íslandsmóti. Allir riðlar keppa á sama stað. Fjórir eru í hverju líði sem gefur aukna möguleika á að senda fleiri líð til keppni. Vestri tók í fyrsta sinn þátt í þessari mótaröð í vetur og gaf það góða raun en við höfum sent 10-11 ára á þessi mót. Næsta vetur verður tekið upp Íslandsmót í minnibolta 10 ára þar sem aðsókn þess aldurs hefur verið mikil á MB11 ára. Vestri mun sækjast eftir því að fá að halda minniboltamót á Ísafirði næsta vetur. Mótsgjöld renna til mótshaldara.

Í yngstu aldurshópunum var áhersla lögð á tvö svokölluð minniboltamót félaga. Fyrra mótið var Sambíómót Fjölfnis um mánaðamótin október/nóvember og hið seinna Nettómótið í

Reykjanesbæ í byrjun mars. Einnig voru haldin tvö innanfélagsmót fyrir yngsta aldurshópinn, Hamraborgarmótið í janúar og Vormót Vestra í apríl.

### **Kkd. Vestra og Íþróttaskóli HSV**

Líkt og fyrri ár hefur Vestri tekið þátt í starfsemi Íþróttaskóla HSV, m.a. með því að útvega þjálfara fyrir eldri börn skólans þegar körfubolti er þar á dagskrá. Brýnt er að Kkd. Vestra meti starfsemi og árangur Íþróttaskólans með tilliti til þess takmarkaða tíma sem körfuboltinn fær í skólanum. Grunnhugmyndafræði skólans er jákvæð og félagið hefur til þessa stutt starfsemi hans en skólinn þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Gæta þarf þess að hagsmunir Kkd. Vestra séu tryggðir þannig að eðlileg nýliðun geti átt sér stað hjá félaginu.

### **Aðstaða yngri flokkanna**

Langflestar æfingar yngri flokkanna fóru fram á Torfnesi en einnig var æft á Austurvegi og í Bolungarvík þar sem deildinni er ávallt vel tekið. Bolungarvíkurkaupstaður fær sérstakar þakkir fyrir samstarfið á umliðnum árum. Æfingar hafa einnig farið fram á Þingeyri og að hluta til á Suðureyri í vetur. Markmið deildarinnar er að bjóða upp á æfingar í öllum byggðakjörnum á norðanverðum Vestfjörðum og standa því Súðavík og Flateyri enn út af.

Íþróttaskóli Árna Heiðars er starfræktur undir merkjum Vestra og er löngu orðinn fastur liður í íþróttastarfi bæjarins. Er Árna þakkað gott samstarf á þessum vettvangi um langt árabil.

### **Búningar**

Nýir utanyfirgallar Vestra voru teknir í notkun í haust. Einnig lét BUR framleiða umtalsvert af skottreyjum í nýju Vestralitunum. Nýir keppnisbúningar yngri flokka í Vestralitunum verða teknir í notkun í haust og verða þeir samskonar og meistaraflokks karla.

### **Starfið innan deildarinnar**

Síðastliðið sumar voru sérstakar **sumaræfingar** skipulagðar að afloknum Körfuboltabúðum KFÍ/Vestra 2016. Æfingar voru ætlaðar eldri iðkendum og var æft tvisvar í viku nær allt sumarið. Krökkum í 1.-4. bekk bauðst að koma á tvö **sumarnámskeið**, í júní og ágúst, sem hvort um sig samanstóð af klukkustundarlangri æfing í fimm daga.

Tveir gestir, landsliðsmennirnir Hörður Axel og Haukur Helgi, heimsóttu deildina heim og var heimsóknin liður í **Körfuboltasumri KKÍ**. Var sú heimsókn afar vel heppnuð.

Vetrarstarfið hófst með **Körfuboltadeginum** í byrjun september. Þar var starfsemi yngri flokkanna og æfingataflan kynnt og brugðið á leik með leikmönnum meistaraflokks karla. Körfuboltadagurinn í upphafi vetrar er einn besti vettvangurinn til að bjóða nýja iðkendur velkomna og kynna þá fyrir starfi félagsins.

**Jólaþarfan** á aðfangadag var á sínum stað og tókst vel að vanda.

**Hamraborgarmótið**, minniboltamót Vestra og Hamraborgar, fór fram í lok janúar en það var ætlað iðkendum í 1.-6. bekk. Mótið var hugsað sem upphitun fyrir Nettómótið.



Lítið var um viðburði innan félags fram að páskum en þá var hið árlega **Páskaeggjamót Vestra** og Nóa/Síríus haldið á skírdag og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri. Breyta þarf fyrirkomulagi mótsins næsta vor til að koma til móts við þennan fjölda.

**Vormót Vestra 2017** var haldið í byrjun maí ætlað 1.-4. bekk. Mótið var ekki síst hugsað fyrir börn í íþróttaskóla HSV til að kynna þau fyrir mótafyrirkomulaginu í körfunni.

**Uppskeruhátíð yngri flokka** var haldin mánudaginn 4. maí með viðurkenningum til allra iðkenda og pylsuveislu. Með uppskeruhátíðinni lauk vetraræfingum yngstu flokkanna (krílakarfan og 1.-4. bekkur) en eldri krakkarnir æfa út maí.

Laugardaginn 6. maí héldu flestir elstu iðkendur deildarinnar í **dagsferð til Hólmavíkur** til æfinga og var ferðin afar vel heppnuð.

**Körfuboltaþúðum Vestra** fara fram 30. maí-4. júní undir stjórn Inga Þórs Steinþórssonar, þjálfara Snæfells. Undirbúningur er kominn vel á veg en uppselt varð í búðirnar á met tíma og verða þátttakendur yfir 150 talsins. Fjórir fulltrúar úr BUR eiga sæti í framkvæmdastjórn þúðanna.

**Sumaræfingar** eru fyrirhugaðar fyrir iðkendur í 5. bekk og eldri og stefnt er að tveimur fimm daga löngum sumarnámskeiðum fyrir börn sem eru á leið í 1.-4. bekk í haust. Þegar þetta er ritað liggja tímaúthlutanir í íþróttahúsinu á Torfnesi enn ekki fyrir og því ekki hægt að fastsetja æfingatímana.

Athygli er vakin á því að æfingar deildarinnar í maí riðluðust verulega vegna mikils álags og ýmissa stórra viðburða í íþróttahúsinu á Torfnesi. Löngu er orðið ljóst að húsið annar ekki eftirspurn og það íþróttastarf, sem háð er því að æfa í húsinu, líður mjög fyrir tímaskortinn.

### **Þjálfarahópurinn**

Einungis fimm aðalþjálfarar sáu um þjálfun yngri flokka í vetur, þar af ein kona. Aðstoðarþjálfarar voru í stærri hópnum og nokkrir afleysingarþjálfarar voru til taks og hlupu í skarðið þegar þurfti. Eiga þjálfarar deildarinnar miklar þakkir skilið fyrir fagmennsku, alúð og eftirfylgni í þjálfarastörfum sínum.

### **Foreldrasamskipti**

Öll foreldrasamskipti yngri flokka Kkd. Vestra fara fram í einstökum lokuðum Facebook hópum auk þess sem deildin er með opna síðu undir heitinu Körfuknattleiksdeild Vestra - yngri flokkar. Allt fréttatengt efni fer þar inn ásamt því að heimasíða Vestra er vel nýtt. Tölvupóstsamskipti eru því sem næst aflögð og telur BUR þetta fyrirkomulag ganga vel upp enda er langflestir foreldrar á Facebook. Miðað er við að iðkendur í 8. flokki og eldri séu einnig inni á síðunum.

Brýnt er að koma tenglastarfi í betra horf en tveir tenglar eru valdir að hausti fyrir hvern æfingahóp. Þörf er á frekari uppfræðslu um hlutverk þeirra og miðla betur af reynslu þeirra sem best þekkja til í skipulagi ferða og uppákoma svo nýir foreldra þurfi ekki í sífellu að finna upp hjólið.

Hugmyndir voru uppi um foreldrakörfu síðastliðið haust og fékk deildin úthlutað tíma á Austurvegi fyrir verkefnið. Ekkert varð þó af framkvæmd þess en vonandi verður hægt að koma því á koppinn næsta haust.

### **Samstarf við Héraðssamband Strandamanna**

Síðastliðna tvo vetur hefur deildin átt í góðu samstarfi við Héraðssamband Strandamanna um tvo leikmenn sem spiluðu með 9. og 10. flokki drengja í vetur. Sameiginlegar æfingar hafa verið haldnar með reglulegu millibili bæði á Ísafirði og á Hólmavík það er von BUR að takast megi að halda þessu samstarfi áfram en góðir styrkir hafa fengist til verkefnisins.

### **Hvert skal stefna?**

Þótt nokkur fjölgun hafi verið í iðkendahópnum í vetur má alltaf gera betur. Huga þarf að frekara kynningarstarfi og ætti umræðan um Evrópukeppnina á komandi hausti að geta hjálpað í þeim efnum. Nauðsynlegt er að huga enn betur að þjálfunarþættinum. Félagið þarf á mörgum öflugum þjálfurum að halda til að standa undir fleiri flokkum. Liður í því er að hvetja eldri iðkendur til að sækja þjálfaranámskeið sem í boði eru á vegum ÍSí og KKÍ. Ljúki þjálfari námskeiði greiðir BUR námskeiðsgjöldin. Námskeiðin veita einnig einingar í framhaldsskólum og eru þannig enn frekari hvatning. Nokkrir ungir þjálfarar hafa þegar nýtt sér þetta. Einnig er mikilvægt að styðja við bakið á þeim sem vilja sækja dómaranámskeið sem í boði eru á vegum KKÍ. Því til viðbótar er mikilvægt að hvetja elstu iðkendur okkar til að koma að þjálfun sem aðstoðarþjálfarar jafnvel þótt þeir hafi ekki öðlast aldur til að stýra eigin æfingum. Þannig læra þeir mest og koma betur undirbúnir inn í þjálfarastarfið þegar réttum aldri er náð.

### **Fjáröflun**

Fjáröflun BUR hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur. Stór þáttur í því er að reka og manna **sjoppuna** á Torfnesi á heimaleikjum meistaraflokks og á ýmsum uppákomum á okkar vegum í húsinu, s.s. þegar umferðir í Íslandsmóti fást hingað heim. Hagnaður af sjoppurekstrinum hefur runnið beint í ferðasjóð iðkenda vegna ferða á Íslandsmót og minniboltamót og hefur okkur tekist að greiða ferðir nokkuð vel niður. Þar kemur einnig til aukið framlag úr Ferðasjóði ÍSí en það hefur hækkað með fleiri hópum á Íslandsmótum ásamt því að starfa nú í fjölgreinafélagi.

Haustsalan á **grænmeti** var á sínum stað og lukkaðist vel. Farið var í tvær **kaffipakkasölur** og **batterí í reykskynjara** seld fyrir jólin. Þá hefur BUR ásamt aðalstjórn og meistaraflokkum mannað veitingasölutjaldið á „**Aldrei fór ég suður**“ hátíðinni í mörg ár auk þess sem ráðið hefur nú í fimm ár staðið fyrir rekstri **kaffihúss og kökubasars** á skírdag í tengslum við Páskaeggjamót Vestra. Einnig má nefna að **Körfuboltabúðirnar** eru ein stærsta fjáröflun sem ráðist er í innan deildarinnar á hverju ári. BUR kom einnig að hefðbundinni fjáröflun félagsins í tengslum við hátíðahöld Ísafjarðarbæjar á **17. júní** en það er verkefnastyrkur til félagsins.

Þá eru ótalin fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar sem styrkja starfsemi yngri flokkanna með ýmsum hætti. Sá stuðningur er ýmist í formi beinna peningastyrkja, vöruúttekta eða aðstoðar við ólík verkefni. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og verður seint hægt að fullpakka.

Æfingagjöldin eru innheimt mánaðarlega af iðkendum í 5. bekk og eldri og renna þau til reksturs flokkanna, sér í lagi greiðslu þjálfaralauna. Gjöldin duga þó ekki fyrir þjálfaralaunum. Deildin verður af umtalsverðum tekjum með því að innheimta ekki æfingagjöld í yngstu aldurshópunum en benda verður á að í samkomulagi HSV og félaganna var ákveðið að heimila æfingar fyrir íþróttaskólaaldurinn án þess þó að innheimt yrðu æfingagjöld. Slíkt fyrirkomulag gengur ekki til lengdar. BUR mun beita sér fyrir því að einhverjar breytingar verði gerðar á því fyrirkomulagi. Krílakarfan hefur frá upphafi verið gjaldfrjáls og það er mat BUR að svo eigi að vera áfram.

### **Einstakir flokkar**

#### **10. flokkur drengja:**

*Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson*

Flokkurinn lauk keppni með sigri í B-riðli en þar sem drengjaflokkur tekur við í haust þar sem ekki er spilað í riðlum færast þeir ekki upp í A-riðil. Flestir drengirnir eru að spila upp fyrir sig ýmist um eitt eða tvö ár. Árangur drengjanna var mjög góður með hliðsjón af aldursdreifingunni en liðið er skipað drengjum fæddir 2001-2003.

#### **9. flokkur drengja:**

*Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson*

Flokkurinn varð Maltbikarmeistari KKÍ í 9. flokki drengja með góðum sigri á Val. Hann vann sig einnig upp í A-riðil á síðasta Íslandsmóti vetrarins en hafði flakkað á milli A og B í vetur. Árangur liðsins er eftirtektarverður, ekki síst fyrir þær sakir hve faliðað það hefur jafnan verið. Þó fjölgaði í æfingahópnum í vetur og er það afar ánægjulegt og gefur væntingar um áframhaldandi góðan árangur næsta vetur. Liðið er skipað drengjum fæddir 2002 og 2003.

#### **9. flokkur stúlkna:**

*Þjálfari: Nökkvi Harðarson*

*Aðstoðarþjálfari: Adam Smári Ólafsson*

Hópurinn lauk keppni í B-riðli eftir að hafa unnið sig alla leið upp í A-riðil í vetur. Það verður að teljast frábær árangur hjá liði sem skipað er mörgum nýliðum og hefur aðeins æft sem hópur í tvö ár. Liðið er skipað stúlkum fæddar 2002 og 2003.

#### **8. flokkur stúlkna:**

*Þjálfari: Nökkvi Harðarson*

*Aðstoðarþjálfari: Adam Smári Ólafsson*

Uppistaðan í þessum hópi er stór og öflugur stúlknahópur sem hefur æft hjá félaginu í fjögur ár. Þær hafa flakkað á milli A og B-riðla síðustu tvö ár og luku keppni í vor í B-riðli og taka slaginn þar í 9. flokki í haust. Liðið er skipað stúlkum fæddar 2003 og 2004.

Stúlknahópurinn í 9. og 8. flokki æfir saman og er stærsti æfingahópurinn innan félagsins. Sérstaka athygli vekur að í þessum stóra æfingahópi eru stúlkur frá Þingeyri, Suðureyri, Bolungarvík, Súðavík og Ísafirði.

#### **Minnibolti eldri drengja:**

*Þjálfari: Birgir Örn Birgisson*

Þessi hópur tók þátt í Íslandsmóti MB 11 ára og byrjaði með tvö lið en lauk keppni með eitt lið í vor. Frammistaðan var afar góð. Þetta er öflugur hópur af sterkum strákum en hluti hans mætir þó ekki nægilega vel á æfingar. Ef ástundunin verður meiri og betri eru þessum hópi allir vegir færir. Hópurinn samanstendur af strákum fæddir 2005 og 2006.

#### **Minnibolti eldri stúlkna:**

*Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson*

Þessi stóri hópur tók þátt í Íslandsmóti MB 11 ára í vetur og byrjaði með þrjú lið. Hann fór síðan ýmist með eitt eða tvö lið til keppni í vetur og stóð sig ágætlega. Rétt er að hafa í huga að hér eru tveir árgangar á ferð, 2005 og 2006. Hluti hópsins stundar æfingar af kappi og þar eru mörg góð efni á ferð en hluti hópsins mætti sinna æfingum betur og þá myndi árangurinn ekki láta á sér standa.

#### **Minnibolti yngri drengir (3. og 4. bekkur):**

*Þjálfari: Gunnlaugur Gunnlaugsson*

Í þessum hópi er að finna marga spræka kappi sem stóðu sig afar vel á mótum í vetur, bæði á Sambíómóti og á Nettómótinu. Æft er bæði í Bolungarvík og á Ísafirði.

#### **Minnibolti yngri stúlkur (3. og 4 bekkur):**

*Þjálfari: Gunnlaugur Gunnlaugsson*

Hér er að verða til skemmtilegur hópur stúlkna og tóku þær bæði þátt í Sambíómóti og Nettómóti með virkilega góðum árangri. Þær æfa þó flestar aðeins einu sinni í viku þótt í boði séu tvær æfingar, önnur á Ísafirði og hin í Bolungarvík.

#### **Krakkakarfan bæði kyn (1. og 2. bekkur):**

*Þjálfari: Gunnlaugur Gunnlaugsson*

*Aðstoðarþjálfari: Egill Fjölnisson*

Krakkakarfan samanstendur af börnum í 1.-2. bekk, bæði strákum og stelpum. Nokkrir krakkar úr þessum hópi tóku þátt í Sambíómótinu og Nettómótinu og var einstaklega gaman að sjá framfarirnar og baráttuþrekið hjá okkar fólki. Í þessum hópi eru nokkrir eldheitir körfuboltakrakkar sem eiga framtíðina fyrir sér ef þeir halda áfram á sömu braut.

#### **Krílakarfan:**

*Þjálfari: Stefanía Ásmundsdóttir*

Frekar lítil þátttaka var í Krílakörfunni í vetur og ekki ljóst hverju það sætir. Það er eindregin vilji BUR að halda þessum æfingum áfram því mikilvægt er að byrja að kynna körfuna fyrir krökkum sem fyrst. Skipulag æfinganna þarf að skoða og huga hvort breytinga er þörf.

#### **Styrktaræfingar HSV**

HSV hafði forgöngu um að í vetur hófust sameiginlegar styrktaræfingar fyrir unglinga í Sjúkraþjálfun Vestfjarða fyrir öll áhugasöm félög. Þetta er frábært framtak sem er vonandi komið til að vera. Elstu iðkendur deildarinnar nýttu sér þetta margir vel og létu vel af. Ljóst er að skoða þarf hvernig kostnaðarskipting getur best orðið en afar brýnt er að halda verkefninu áfram.

#### **Lokaorð**

Eftir mikinn vöxt undanfarin ár hefur jafnvægi verið í starfsemi yngri flokka félagsins í vetur. Eitthvað hefur fjölgað í einstökum hópum en umfangið í heild sinni hefur verið svipað því sem var í fyrra. Ljóst er að svigrúm til aukningar er fyrir hendi ef rétt er að málum staðið. Með það í veganesti verður haldið inn í nýtt starfsár.

Barna- og unglingaráð Kkd. Vestra færir öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og styrktaraðilum bestu þakkir fyrir farsæla samvinnu á starfsárinu sem nú er að ljúka og væntir jafnframt mikils af samstarfinu á því næsta.

Ísafirði, 12. maí 2017

Fyrir hönd stjórnar barna- og unglingaráðs Kkd. Vestra  
Birna Lárusdóttir, formaður